

Föstudaginn 18. október 1957.

Nr. 43/1957. **Fiskveiðahlutafélagið Njáll**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

**Gunnari Guðjónssyni**

**og gagnsök (Vilhjálmur Jónsson hrl.).**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur  
Jóhannesson.

Skaðabótamál vegna slyss.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bótakrafa gagnáfrýjanda verði færð niður og að hvorum aðilja verði gert að bera sinn kostnað af málinu í héraði, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. marz 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 574.407.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að nauðsynlegt hefði verið til varnar slyshættu að hafa hlíf á snúningsási þeim, sem dráttarvírinn lék um. Verður því að telja, að skortur á öryggisútbúnaði hafi átt þátt í því, að slysið varð, en gagnáfrýjandi átti einnig sök á því með óvarkárni. Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Tjónbætur samkvæmt 1. kröfulið gagnáfrýjanda þykja auk tryggingarbóta hæfilega ákveðnar kr. 320.000.00. Stað-

festu má niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð bóta samkvæmt 2. kröfulið, kr. 40.000.00. Verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða helming þessara fjárhæða, kr. 180.000.00. Með skirskotun til þess, sem um vexti segir í héraðsdómi, verða gagnáfrýjanda dæmdir 6% ársvextir af bótum samkvæmt 1. kröfulið frá 21. júní 1951 og af bótum samkvæmt 2. kröfulið frá 21. júní 1955, hvort tveggja til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 180.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 160.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955 og af kr. 180.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Sératkvæði hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Gizurar Bergsteinssonar.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um rök fyrir fébótaábyrgð aðaláfrýjanda og mati á tjóni gagnáfrýjanda. Hins vegar teljum við, að gagnáfrýjandi, sem hafði verið háseti á b/v Forseta um þriggja ára skeið, hafi hagað sér svo ógætilega, er slysið varð, að hann eigi að bera  $\frac{3}{5}$  hluta tjóns síns sjálfur.

Dómsorð okkar er því þannig:

Aðaláfrýjandi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 144.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 128.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955 og af kr. 144.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. desember 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. f. m., hefur Gunnar Guðjónsson, Kárastíg 1 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 20. júní 1955, gegn Fiskveiðahlutafélaginu Njáli, Bíldudal, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 574.407.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Fimmtudaginn 21. marz 1946 var b/v Forseti að veiðum þvert út af Malarrífi. Hægviðri var og sjólítið. Um kl. 07.00, er unnið var að því að draga inn stjórnborðsvörpuna, varð það slys, að vinstri fótur stefnanda klemmdist á milli togvirsins og keflisins í „masturspolla“ með þeim afleiðingum, að fótinn tók af rétt fyrir neðan hné.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum slyssins, að rétt áður en það varð, hafi hann staðið að fiskaðgerð í fiskkassa á þilfarinu. Hafi hann verið í sjóstakk yzt fata og klofháum vaðstígvélum. Hann hafi átt erindi fram á skipið og því stigið út úr fiskkassanum og gengið að aftari togvírnum, sem hann hafi ætlað að fara yfir, en með þeim vír var verið að draga inn vörpuna. Er hann var kominn að vírnum, hafi hann lyft hægra fæti yfir hann. Hafi sér þá fundizt eins og kippt væri í neðri brún stakksins, sem hann var í. Hann hafi streitzt á móti og rífið stakkinn af vírnum, sem hann hafi þá verið orðinn fastur í. Samtímis hafi sér fundizt eins og kippt væri í vinstri fót sér og hafi fóturinn dregizt með vírnum inn í „pollann“. Stefnandi kveðst hafa staðið um ½ metra frá „pollanum“, er fóturinn festist í vírnum, en orsök þess hafi verið sú, að vírinn hafi verið trosnaður og hafi gaddar staðið út úr honum og krækzt í stígvélið. Hafi togvírinn verið trosnaður á um faðms löngum kafla, en skemmd þessi á vírnum hafi orðið, einum eða tveimur dögum áður en slysið varð, en vörpur b/v Forseta og annars togara flæktust saman, þegar verið var að toga. Stefnandi segir, að greinilegt hafi verið, að fótur sinn hafi festst á göddum á vírnum, enda hafi hann séð, að fótarhlutinn, sem af klipptist, hafi hangið á vírnum alveg aftur undir togvindu, en þá hafi verið „gefið til baka“ á togvindunni, og hafi hann séð fótarhlutann berast til baka með vírnum. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að vera háseti á b/v Forseta í um 3 ár, er slysið varð.

Vitnið Valtýr Guðmundsson háseti skýrir svo frá, að í umrætt

sinn hafi það unnið að fiskaðgerð í sama fiskkassa og stefnandi. Er slysið varð, hafi það ásamt stefnanda verið á leið fram eftir skipinu, þó aðeins á undan honum. Kveðst vitnið hafa stigið upp á umræddan „masturspolla“ og látið hníf, sem það hafi verið með, í körfu, sem hangið hafi í siglutrénu. Að því búnu hafi það gengið fram fyrir „masturspollann“ og verið að taka af sér vettlingana, er stefnandi hafi komið sömu leið. Er stefnandi var kominn upp á „pollann“, hafi hann hrasað niður af honum og vinstri fótur hans lent á milli vírsins og keflisins í „pollanum“. Vitnið kveðst þá hafa kallað til bátsmannsins, er staðið hafi á sínum stað við togvinduna, og beðið hann að stöðva vinduna. Það hafi þegar verið gert, en slysið hafi orðið með svo skjótum hætti, að ekki hafi reynzt unnt að stöðva togvinduna fyrr en um seinan. Vitnið kveður enga óvenjulega gufu hafa verið frá togvindunni í umrætt sinn, svo að vel hafi sézt frá henni fram að „pollanum“. Vitni þetta kveður það hafa verið algengt, meðan það var á b/v Forseta, að menn færu á leið sinni fram eftir skipinu yfir togvíra og „polla“ þeim megin, sem varpan var úti, meðan verið var að draga inn vörpuna.

Vitnið Magnús Runólfsson skipstjóri kveðst ekki hafa verið sjón-arvottur að slysinu. Hafi það verið sofandi á legubekk í loftskeyta-klefanum, er slysið varð. Vitnið skýrir svo frá, að togvírar skipsins hafi yfirleitt verið góðir á þessum tíma, að vísu lítils háttar trosnaðir, svo sem algengt sé, en þó alls ekki á þeim kafla, sem verið var að toga inn, er slysið varð. Hafi þá verið búið að draga inn um 75 faðma af 350 föðmum, sem í sjó voru. Eini gallinn, sem sér hafi verið kunnugt um, að á vírnum væri, hafi hins vegar verið um 150 faðma frá skipinu. Hafi galli þessi ekki verið þannig, að gaddar stæðu út úr vírnum, heldur hafi vírinn verið kraminn og mergþráðurinn genginn út úr honum. Vitnið kveður það í öllum tilvikum ónauðsynlegt og slæman ávana að stíga yfir vírana, meðan verið sé að toga. Á hinn bóginn hafi það verið algengt, að skipverjar færu yfir víra og „polla“ á leið sinni fram eftir skipinu, enda þótt þeim væri ljós hættan, sem því var samfara. Hafi menn og almennt verið áminntir af yfirmönnum og vönum samstarfsmönnum að fara ekki þá leið. Kveðst vitnið oft hafa tekið mönnum vara við þessu.

Vitnið Marteinn Jónsson bátsmaður kveðst hafa staðið við togvinduna og stjórnað henni, er slysið varð. Er búið hafi verið að draga inn um 25—50 faðma af vír, hafi það snögglega heyrt hljóð, er gaf til kynna, að eitthvað óvenjulegt mundi hafa komið fyrir. Kveðst vitnið þá þegar hafa lokað fyrir gufuþrýstinginn að tog-

vindunni og gert ráðstafanir til að stöðva hana. Hafi það ekki vitað gjörla, hvað skeð hafði, fyrr en það kom fram að „masturspollanum“ og sá stefnanda liggja þar. Vitnið kveðst ekki muna eftir sérstökum göllum á togvírnum nema á kafla, sem sig minni, að hafi verið miklu neðar á vírnum en svo, að hann hafi getað verið kominn inn í skipið á þessum tíma. Vitni þetta kveður það hafa verið allalgengt, að menn legðu leið sína yfir „pollann“, er þeir áttu erindi fram á skipið, en það kveðst vitnið telja mjög óvarlegt. Öruggst sé að fara annað hvort aftur fyrir togvinduna eða inn á „lúgu“. Að vísu sé leiðin aftur fyrir togvindu þröng, en þó sé vel hægt að fara hana, enda sé það oft gert. Þá getur vitnið þess, að á flestum, ef ekki öllum togurum, sem það hafi starfað á, hafi menn verið varaðir við því af einhverjum um borð að fara yfir „pollana“.

Í málinu liggur frammi uppdráttur af þilfari b/v Forseta frá stjórnþalli að hvalbak. Á uppdrætti þessum, sem gerður er af stefnanda, er sýndur helzti útbúnaður skipsins stjórnborðsmegin á þessu svæði, m. a. „masturspolli“, aftari togvír og fiskkassi sá, sem stefnandi vann í, rétt áður en slysið varð. Þá er og mörkuð á uppdráttinn leiðin, sem stefnandi telur sig og vitnið Valtý Guðmundsson hafa farið úr fiskkassanum í umrætt sinn. Uppdráttur þessi mun ekki gerður í réttum stærðarhlutföllum.

Eigandi b/v Forseta á þessum tíma var Fiskveiðahlutafélagið Hængur hér í bæ, en í ágúst 1951 yfirtók stefndi í máli þessu það félag og tók að sér allar skuldir þess. Er og ekki véfengt af hálfu stefnda, að það eigi aðild að máli þessu.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að um sök hafi verið að ræða hjá þáverandi eigendum og forsvarsmönnum skipsins, þar eð orsakir slyssins hafi verið þær, að togvírinn var gallaður og engin hlíf var á „masturspollanum“. Byggir hann kröfu sína að þessu leyti á almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á atvinnutækjum og skaðaverkum starfsmanna sinna, en ekki á 13. gr. siglingalaganna. Í öðru lagi hljóti fyrirtæki, sem reki jafn hættulegan atvinnurekstur sem togaraútgerð sé, að bera ábyrgð á slysi sem þessu, jafnvel þótt ekki væri um sök að ræða.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að svo virðist, að enginn grundvöllur sé fyrir kröfum stefnanda í málinu. Frásögn hans sjálfs beri þess vott, að hann hafi sýnt af sér slíka ógætni, að öðrum verði ekki um slysið kennt en sjálfum honum. Hvort sem frásögn hans eða vitnisins Valtýs Guðmundssonar um nánari tildrög að slysinu sé hin rétta, hafi aðfarir hans verið jafn óvarlegar og útiloki með öllu, að hann geti öðrum um slysið kennt. Er því

í þessu sambandi mótmælt af hálfu stefnda, að nokkurt slit eða galli hafi verið á togvírnum á þeim stað, sem hér skiptir máli. Enn fremur er því mótmælt, að nokkur útbúnaður á skipinu hafi verið á þann hátt gallaður, að stutt hafi að því, að slysið varð, eða verið öðruvísi en tíðkaðist á öðrum togurum á þessum tíma. Þá er á það bent, að stefnandi hafi oft verið varaður við því að stíga yfir togvírana, meðan á drætti þeirra stæði. Hafi þó slíkra aðvarana ekki átt að vera þörf, þar sem hann hafi verið búinn að starfa á skipinu í þrjú ár, er slysið varð, og því vanur togaravinnu og kunnugur aðstæðum. Að lokum er á það bent af hálfu stefnda, að um bótaskyldu samkvæmt reglum um ábyrgð á verkum starfsmanna eða almennum skaðabóta reglum geti ekki heldur verið að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að sökin á slysinu sé öll hjá stefnanda sjálfum. Og enda þótt talið yrði, að fébótaábyrgð hefði að einhverju leyti verið til að dreifa, þá sé hún nú fallin niður fyrir vangeymslu stefnanda.

Eins og fram kemur í atvikalýsingunni hér að framan, eru stefnandi og vitnið Valtýr Guðmundsson einir til frásagnar um nánari tildrög slyss þess, sem um ræðir. Framburðir þeirra eru hins vegar svo ósamhljóða um hin veigamestu atriði, að ekkert verður um það sagt með vissu, hvað því olli, að fótur stefnanda festist í „pollanum“. Þó þykir mega telja víst, að er slysið varð, hafi stefnandi annað hvort verið að fara yfir togvírinn um hálfan metra frá „masturspollanum“, eins og hann fullyrðir sjálfur, eða yfir „pollann“, eins og vitnið Valtýr Guðmundsson staðhæfir. En það er álit hinna sérfróðu samdómenda, sem báðir eru gagnkunnugir störfum á togurum, að hvort tveggja sé jafn hættulegt og óvarlegt, meðan verið er að draga vírinn inn. Sem fyrr getur, hafði stefnandi verið háseti á skipinu um þrjú ára skeið, er hér var komið. Mátti honum því vera ljós þessi hætta. Að þessu athuguðu, verður að telja, að stefnandi hafi sjálfur að allverulegu leyti átt sök á því, hvernig fór.

Á hinn bóginn er á það að líta, að það hefur löngum verið algeng venja á togurum, að sjómenn gangi yfir „polla“ og víra, meðan togað er, og er í ljós leitt með vætti framangreindra skipverja, að sú venja hefur einnig viðgengizt á þessu skipi, enda þótt athygli manna hafi verið vakin á hættunni, sem þessu er samfara. Þá er þess og að gæta, að engin hlíf var á „pollanum“. Var slíkur öryggisútbúnaður þó nauðsynlegur til varnar slysum, og skiptir ekki máli, þótt hann hafi almennt ekki tíðkast á togurum á þessum tíma. Að lokum þykir bera að hafa í huga, að mikil hætta er samfara störfum háseta á togurum.

Með hliðsjón af öllu því, sem að framan er rakið, þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að  $\frac{3}{5}$  hlutum.

Kröfu sína í málinu hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Örorkubætur .....	kr. 534.407.00
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og varanleg lýti .....	— 40.000.00

Samtals kr. 574.407.00

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi borinn undir þiljur og gert til bráðabirgða að sárum hans, svo sem kostur var. Jafnframt var veiðum hætt og siglt áleiðis til Reykjavíkur, og var komið á ytri höfnina kl. 15.10 samdægurs. Var stefnandi fluttur í land á hafn-sögubáti og þegar farið með hann í Landspítalann, þar sem taka varð framan af fætinum fyrir ofan hné, en sem fyrr getur, hafði fóturinn klippzt af rétt neðan við hnéð.

Ekki liggja fyrir upplýsingar í málinu um sjúkralegu stefnanda eftir slysið.

Hinn 5. október 1946 mat Páll Sigurðsson varanlega örorku stefnanda vegna slyssins 65%.

Í vottorði Gunnars Cortes lækni, dags. 6. september 1955, segir, að stefnandi hafi oft kvartað um verki í stúfnum og orðið að liggja „tíma og tíma“. Stúfurinn hafi fyrir löngu fengið endanlega lögun og sé engra breytinga að vænta til batnaðar.

Stefnandi er talinn fæddur 31. janúar 1924 og hefur því verið 22 ára gamall, er hann varð fyrir slysinu. Hann virðist þá hafa verið kvæntur, en ekki er vitað, hvort hann hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt upplýsingum frá skattstofunni hafa atvinnutekjur stefnanda frá 1944—1955 verið þessar: Árið 1944 kr. 27.768.00, árið 1945 kr. 29.963.00, árið 1946 kr. 16.700.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 5.355.00), árið 1947 kr. 21.165.00 (þar af söluhagnaður kr. 3.030.00), árið 1948 kr. 24.636.00 (þar af örorkulífeyrir kr. 2.400.00), árið 1949 kr. 23.945.00, árið 1950 kr. 28.955.00 (þar af örorkustyrkur kr. 1.342.00), árið 1951 kr. 35.414.00 (þar af örorkustyrkur kr. 2.912.00), árið 1952 kr. 38.251.00 (þar af örorkustyrkur kr. 3.300.00), árið 1953 kr. 42.057.00 (þar af örorkustyrkur og bætur kr. 4.129.00), árið 1954 kr. 54.222.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 2.381.00) og árið 1955 kr. 62.662.00 (þar af tekjur eiginkonu kr. 5.500.00 og bætur kr. 4.436.00).

Hinn 28. marz 1955 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út verðmæti vinnutekjutjóns stefnanda, miðað við

slysdag og 65% varanlega örorku. Kveðst hann byggja útreikninginn aðallega á meðalvinnutekjum daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna (giftra), sem athugaðar hafi verið í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða, en nota upplýsingar þær, sem fyrir liggja um vinnutekjur stefnanda fyrir og eftir slysið til hliðsjónar. Áætlað vinnutekjutjón finnur hann síðan með því að taka 65% af tekjum samkvæmt framangreindum athugunum og útreikningum. Reiknast honum það nema samtals kr. 183.825.00 fyrir tímabilið 28/3 1946 til jafnlengdar 1955, en eftir það kr. 26.512.00 árlega. Telur tryggingafræðingurinn, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um tekjur stefnanda fyrir og eftir slysið, megi ætla, að áætlun þessi um vinnutekjutjón sé sízt of há. Heildarverðmæti vinnutekjutjónsins á slysdegi reiknast tryggingafræðingnum nema kr. 425.319.00.

Grundvöllur þessa útreiknings auk þess, sem að framan greinir, er 4% vextir p. a., dánarlíkur eftir reynslu fyrir íslenska karla á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að þar sem útreikningurinn sé miðaður við slysdag, þurfi að bæta við vöxtum og vaxtavöxtum frá slysdegi til greiðsludags. Sé reiknað með 4% ársvöxtum. Nemi þeir frá 21. marz 1946 til jafnlengdar 1955 kr. 180.043.00.

Vegna slyssins hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt stefnanda bætur, sem hér segir:

Dagpeningar frá 23/3—25/9 1946 kr. 4.146.65.

Örorkulífeyrir frá 25/9 1946—31/12 1954 kr. 23.149.75.

Verðmæti þessa örorkulífeyris og þess örorkulífeyris, sem ætla má, að stefnandi fái framvegis og til 67 ára aldurs, lífi hann svo lengi, reiknast tryggingafræðingnum, að nemi kr. 49.852.00 á slysdegi. Getur hann þess, að við verðmæti örorkulífeyrisins á slysdegi þurfi að bæta vöxtum til greiðsludags. Nemi 4% ársvextir frá 21. marz 1946 til 21. marz 1955 kr. 21.103.00.

Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að enginn frádráttur hafi verið gerður fyrir opinberum gjöldum, og ekki sé heldur tillit tekið til þess, að starfsorkumissir kunni að hafa verið meiri en 65% eftir slysið.

Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á framangreindum útreikningi. Fær hann hana þannig fram, að hann dregur verðmæti örorkulífeyrisins að viðbættum vöxtum (kr. 49.852.00 + kr. 21.103.00) frá heildarverðmæti vinnutekjutjónsins að viðbættum vöxtum (kr. 425.319.00 + kr. 180.043.00).

Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvenær stefn-

andi hóf aftur vinnu eftir slysið, né heldur, hvert starf hans hafi verið, en hinn 1. apríl s.l. var hann skipaður símritari hjá Lands-síma Íslands.

Hinn 12. f. m. reiknaði sami tryggingafræðingur út vinnutekjutjón stefnanda af nýju. Getur hann þess í hinum nýja útreikningi, að ýmis atriði, sem máli skipti, hafi breytt frá því fyrri útreikningur var gerður. Beri þar sérstaklega að nefna, að vinnulaun hafi hækkað talsvert að krónutölu bæði vegna hækkunar grunnkaups og kaupgjaldsvísitölu. Vegna kauphækkana þessara svo og endurskoðunar á einni tölu í verðlagsgrundvelli landbúnaðar-afurða kveður hann áætlunina um vinnutekjutjón stefnanda tímabilið 28/3 1946 til jafnlengdar 1955 hafa breytt þannig, að nú nemi áætlað vinnutekjutjón hans þetta tímabil kr. 189.183.00, 28/3 1955 til 27/3 1956 nemi það kr. 34.516.00 og frá þeim degi til jafnlengdar 1957 kr. 37.340.00, en síðan árlega kr. 37.733.00.

Heildarverðmæti vinnutekjutjónsins og örorkulífeyrisins, sem tryggingafræðingurinn telur einnig hækka nokkuð vegna vísitöluhækkana, reiknast honum nema þessum fjárhæðum:

A. Miðað við 4% ársvexti:

Áætlað vinnutekjutjón .....	kr.	545.625.00	
Vextir til 27/3 1956 .....	—	262.033.00	kr. 807.658.00
<hr/>			
Verðmæti örorkulífeyris .....	kr.	53.198.00	
Vextir til 27/3 1956 .....	—	25.548.00	— 78.746.00
<hr/>			
		Mismunur	kr. 728.912.00

B. Miðað við 6% ársvexti:

Áætlað vinnutekjutjón .....	kr.	389.011.00	
Vextir til 27/3 1956 .....	—	307.648.00	kr. 696.659.00
<hr/>			
Verðmæti örorkulífeyris .....	kr.	39.491.00	
Vextir til 27/3 1956 .....	—	31.231.00	— 70.722.00
<hr/>			
		Mismunur	kr. 625.937.00

Að öðru leyti en því, sem að framan greinir, er útreikningur þessi byggður á hinum sömu forsendum og hinn fyrri.

Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að enda þótt stefnandi hafi nú menntun til að vera loftskeytamaður á togara, komi vart til greina, að hann gegni slíku starfi vegna fötlunar sinnar. Það sé því fróðlegt að bera saman kaup hans og vinnutekjur loft-

skeytamanns á togurum. Kveðst hann af þeim sökum hafa aflað upplýsinga um meðalvinnutekjur loftskreytamanna á togurum Bæjarútgerðar Reykjavíkur árin 1952 til 1955. Samkvæmt þeim upplýsingum er meðaltalið af meðaltekjum þeirra greint tímabil kr. 62.809.00, en meðaltalið af vinnutekjum stefnanda á sama tímabili hins vegar kr. 43.764.00. Nemur mismunurinn kr. 19.045.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 290.000.00. Er þá reiknað með 6% ársvöxtum. Hafa þá og verið dregnir frá dagpeningar, sem stefnandi samkvæmt framansögðu hefur fengið greidda frá Tryggingastofnun ríkisins, og örorkulífeyrir sá, sem hann hefur þegar fengið greiddan ásamt verðmæti væntanlegs örorkulífeyris.

Eins og greint var frá hér að framan í sambandi við útreikninga tryggingafræðingsins, gerir hann ráð fyrir, að vöxtum verði bætt við áætlað vinnutekjutjón stefnanda allt frá slysdegi, og er fjárhæð þeirra samkvæmt hinum fyrra útreikningi hans innifalin í stefnukröfunni, sem fyrr getur. Á það er hins vegar að líta, að vextirnir fyrnast á fjórum árum, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 1905. Stefna í málinu var birt 21. júní 1955, og eru því vextir frá slysdegi til 21. júní 1951 fyrndir. Samkvæmt því á stefnandi rétt á vöxtum af dæmdum bótum samkvæmt þessum kröfulið frá þeim tíma til greiðsludags.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, og meiðslum hans lýst. Þegar það er virt, sem þar er rakið, þykir bera að taka kröfulið þenna til greina að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 174.000.00 samkvæmt fyrri kröfuliðnum og kr. 24.000.00 samkvæmt hinum síðari ( $\frac{3}{5}$  af kr. 290.000.00 + kr. 40.000.00) ásamt 6% ársvöxtum af fyrri fjárhæðinni frá 21. júní 1951 til greiðsludags, en af síðari fjárhæðinni frá stefnudegi til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 13.500.00. Er þar með talinn kostnaður við útreikning örorkubóta, kr. 1.100.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt með-

dómsmönnum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðahlutafélagið Njáll, greiði stefnanda, Gunnari Guðjónssyni, kr. 198.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 174.000.00 frá 21. júní 1951 til 21. júní 1955, en af kr. 198.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 13.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbertingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1957.

Nr. 76/1957. **Ákærvaldið** (Ingólfur Jónsson hrl.)

gegn

**Ásgeiri Bjarnasyni**

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Manni dæmd refsing fyrir að aka bifreið miður sín og gálaust.

**Dómur Hæstaréttar.**

Eigi þykir fullsannað, að ákærði hafi við akstur bifreiðar sinnar umrætt skipti verið með áhrifum áfengis í merkingu 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 58/1954. Hins vegar er af gögnum málsins ljóst, að ákærði hefur við aksturinn verið svo miður sín, að refsivert er samkvæmt 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með gálausum akstri brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. sömu laga, eins og lýst er í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.